

SignWiki

Útdráttur

SignWiki er upplýsingakerfi og þekkingarbrunnur þar sem táknmálsorðabók og táknmálsnámi er miðlað í tölvur, spjaldtölvur og snjallsíma. SignWiki var þróað til þess að fylgja eftir nýjum lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, en upphafleg hugmynd að þróun þess kviknaði hins vegar í kringum vinnu með heyrnarlausum í þróunarlöndum. Með SignWiki er íslenska táknmálið nú í fyrsta sinn gert aðgengilegt öllum, í opnu upplýsingakerfi með þátttöku notenda sjálfra. SignWiki hefur skapað mikið hagræði í störfum SHH við söfnun og miðlun táknmáls, og nýtist jafnframt við kennslu og þróun táknmáls. Verkefnið hefur vakið athygli víða um heim og nú þegar hefur kerfið verið tekið í notkun í Namibíu og Tanzaníu, með aðstoð og þjálfun frá starfsfólki Samskiptamiðstöðvar. Á næstunni verður SignWiki sett upp fyrir Noreg, Færeyjar, Grænland og Finnland. Þróunarverkefni á Íslandi hefur þannig skapað grunn að nýjum lausnum sem nýta má alls staðar í heiminum til að veita fólki aðgang að táknmáli viðkomandi lands.

Stofnun	Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
Starfsmenn	30
Heyrir undir:	Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Tengiliður:	Valgerður Stefánsdóttir
Tölvupóstur:	vala@shh.is

Bakgrunnur - Af hverju var farið út í þessa framkvæmd


Á árinu 2011 kviknaði hugmyndin um SignWiki upp úr umræðum um hvernig mögulegt væri að miðla þekkingu um táknmál í þróunarlöndum. Í kjölfar þessara umræðna var einnig ljóst að mikil þörf væri fyrir aðgengilegt upplýsingakerfi fyrir íslenskt táknmál, þar sem aðgengi að því fyrir málsamfélagið og almenning var mjög takmarkað. Úr varð að hefja þróun notendavæns kerfis, þar sem kostnaði væri haldið í skefjum, byggði á opnum hugbúnaði og aðferðafræði sem miðaði að þátttöku málsamfélagsins sjálfs. Gengið var út frá þeirri grunnforsendu að kerfið yrði aðgengilegt jafnt í tölvum, snjallsímum og spjaldtölvum. Hugmyndin var að eftir þróun og innleiðingu á Íslandi mætti opna fyrir möguleika á innleiðingu kerfisins og aðferðafræðinnar fyrir samfélög heyrnarlausra og stofnanir í öðrum löndum. Annað sem gerði þróun slíkt kerfis mjög aðkallandi hér á Íslandi var að í maí 2011 samþykkti Alþingi Íslendinga lög um stöðu íslenskrar tungu og táknmáls. Með lögunum var staðfest að: „Íslenskt táknmál er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reiða sig á það til tjáningar og samskipta og barna þeirra.“¹ SignWiki var

¹ Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. <http://www.althingi.is/altext/139/s/1570.html>

Í þessu samhengi hugsað til þess að fylgja eftir nýju lögunum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls.

Framkvæmd

Þróunarvinna við kerfið hófst um mitt ár 2011 í samstarfi SHH og dr. Davíðs Bjarnasonar sem ráðinn var þróunarstjóri verkefnisins. Styrkir til verkefnisins fengust frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Landsvirkjun og



Menntamálaráðuneyti. Sértek markmið verkefnisins voru tvíþætt; annars vegar að þróa opið upplýsingakerfi fyrir þekkingarbrunn og orðabók á táknmáli í gegnum farsíma, spjaldtölvur og tölvur; hins vegar var markmiðið að yfirfæra verkefnið til þróunarlanda þar sem gríðarleg þörf er fyrir aðgengi heyrnarlausra að táknmáli og menntun á táknmáli. Þróun SignWiki byggði frá upphafi á opnum eða frjálsum hugbúnaði (e. open source), MediaWiki (sama hugbúnaði og keyrir Wikipedia) og JQuery Mobile. Þannig var hægt að byggja upp nýtt kerfi með opnu aðgengi án þess að leggja í jafn umfangsmikla þróunarvinnu og annars hefði verið þörf fyrir. Samhliða þessari þróunarvinnu var unnið að efni og aðferðafræði fyrir kennslu á táknmáli í gegnum vef, farsíma og spjaldtölvur. Frá upphafi var leiðarljós þessarar þróunarvinnu að til yrði einfalt og aðgengilegt kerfi fyrir notendur. Aðferðafræðin byggði á hugmyndum um opna og virka þátttöku þar sem málsamfélagið sjálft og áhugafólk um

táknmál eru þátttakendur og leggja til námsefni og tákni. Á ólíkum stigum þróunarinnar var kerfið og væntanlegir möguleikar þess kynntir fyrir starfsfólki SHH og væntanlegum notendum. Þessar umræður við notendur stuðluðu beint að nýjungum og aðlögun við þróun kerfisins. Þann fyrsta desember 2011 var kerfið svo kynnt til prufu til foreldra heyrnarlausra barna, og fengust þar viðbrögð sem stuðluðu að frekari umbótum á kerfinu. Mikilvægur þáttur SignWiki er þátttaka málsamfélagsins við uppbyggingu þekkingarbrunnisins, og markvisst fór fram vinna til að virkja fólk til þátttöku m.a. með félagi heyrnarlausra, háskólanemum og kennurum, sem hafa jafnframt lagt til efni í kerfið.

Niðurstaða

Þann 31. janúar sl. opnaði Menntamálaráðherra með formlegu hætti þekkingarbrunn um íslenskt táknmál, SignWiki. Nú eru alls um 3200 tákni í SignWiki ásamt námsefni fyrir almenning, börn og heyrnarlausu og stöðugt bætist við, því SignWiki er lifandi umhverfi. Hægt er að fletta upp merkingu tákna og horfa á myndbönd með táknmáli, taka örnámskeið í táknmáli, lesa greinar um táknmál, taka próf svo eitthvað sé nefnt. Í fyrsta sinn er orðinn til vettvangur þar sem íslenska táknmálið er varðveitt og aðgengilegt öllum. Skapast hefur vettvangur fyrir heyrnarlausu til þess að ræða um málið sitt, þróa það og efla málvitund sína. Íslenskir málfræðingar við Háskóla Íslands nota SignWiki til rannsókna á táknmáli og nemendur Háskóla Íslands í táknafræði gera verkefni sem byggja á SignWiki og vinna sínar rannsóknir. Foreldrar og kennarar táknafræðistalanda barna leita mikið í þennan sjóð, sem og börnin

sjálf. Í þessu samhengi hefur hafist tilraunaverkefni með notkun SignWiki og iPad fyrir heyrnarlaus börn í skólum. Þá má einnig nefna að vinnustaðir þar sem heyrnarlausir eru í vinnu hafa mikið notað kerfið, og m.a. eru útbúnir sérstakir táknaistar fyrir viðkomandi starfsgreinar. En SignWiki hefur líka skipt miklu máli í starfsemi SHH og stuðlað að mikilli hagræðingu í miðlun og kennslu táknmáls. Táknmálstúlkar og kennarar Samskiptamiðstöðvar nota kerfið iðulega í sínu daglegu störfum. Þannig hefur SignWiki gjörbreytt aðgengi og miðlun íslensks táknmáls, og mun í framtíðinni spara gífurlegan tíma og kostnað í starfsemi SHH.

Þekkingarbrunnur af þessu tagi er að því best er vitað, einstakur í heiminum og hefur nú þegar vakið mikla athygli út fyrir Ísland. Eitt af markmiðum verkefnisins var að þær lausnir sem þróaðar væru mætti nýta við miðlun táknmáls annars staðar í heiminum, eitt grunnkerfi er þróað, sem þarf minniháttar aðlögun til notkunar fyrir önnur táknmál. Erlent samstarf hófst jafnhliða þróun kerfisins og var SignWiki sett upp í Tansaníu í júní 2012, í samstarfi við Háskólann í Osló og Háskólann í Dar Es Salaam á slóðinni <http://tz.signwiki.org>. Félag heyrnarlausra í Finnlandi hefur unnið að verkefni í Namibíu sem beinist að því að byggja upp orðabók fyrir heyrnarlausra á namibísku táknmáli. SHH kom að því verkefni og setti, í samvinnu við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra í Namibíu, upp SignWiki fyrir namibískt táknmál í lok ágúst 2012 á slóðinni <http://na.signwiki.org>. Kennarar frá SHH fóru til Tansaníu og Namibíu til að þjálfa þátttakendur í notkun kerfisins og staðbundinni þróun þess. Erlendir samstarfsaðilar hafa greitt fyrir ferðir, laun kennara og aðlögun kerfisins að öðrum löndum, en SHH leggur til aðgang að kerfinu endurgjaldslaust.

Nú er jafnframt hafið samstarf við systurstofnun SHH í Noregi sem mun á næstunni taka þátt í þróun verkefnisins og taka kerfið í notkun. Samstarf við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra í Færeyjum hefur einnig hafist og mun SignWiki verða sett upp í Færeyjum nú á haustmánuðum 2012. Óhætt er að segja að sá árangur sem náðst hafi sé í samræmi við það sem lagt var upp með, fyrsta útgáfa upplýsingakerfis með miklu efni er komin í almenna notkun og hefur hlotið mikil og góð viðbrögð, jafnt hjá fagaðilum sem almenningi.

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og Háskóli Íslands fengu nýverið NordPlus styrk til þess að setja upp SignWiki fyrir Noreg og Færeyjar og til þess að þróa þekkingarbrunninn áfram við að rannsaka og miðla málfræði íslenska táknmálsins í gegnum SignWiki. Grænlandingar hafa óskað eftir samstarfi um að fá SignWiki upp í Grænlandi og Félag heyrnarlausra í Finnlandi sömuleiðis til þess að nota til hliðar við finnsku táknmálsorðabókina og til þess að koma upp lifandi umræðuvettvangi um finnskt táknmál.

Lærdómur

SignWiki hefur verið einstaklega vel tekið, jafnt af starfsmönnum Samskiptamiðstöðvar, og heyrnarlausum jafnt sem heyrandi notendum meðal almennings. Notkun þess, útbreiðsla og athygli sem það hefur vakið hefur farið fram úr björtustu vonum. Sérstaklega er hin lifandi málpolitík sem skapast í táknmálssamfélaginu merkileg afurð. Hún mun verða til þess að efla íslenska táknmálið, vinna að stöðlun þess og þeirra táknmála sem nýta þessa tækni, skapa þekkingu á móðurmálinu og virðingu fyrir því meðal þeirra sem tala táknmál. Með því að hafa einfaldleika og aðgengi að leiðarljósi í öllu þróunarstarfi

hefur einnig orðið til kerfi sem hentar vel til notkunar í þróunarlöndum, og hafa viðbrögð fólks í Namibíu og Tanzaníu, þar sem kerfið hefur nú þegar verið innleitt, verið á þá leið að SignWiki muni gjörbreyta aðgengi að táknmáli í þessum löndum. Þá hefur sá mikli áhugi sem kerfið hefur vakið á Norðurlöndum komið skemmtilega á óvart og ljóst er að þar mun skapast áhugaverður samstarfsvettvangur fyrir frekari þróun.

Hvernig upplifði starfsfólkið nýsköpunina?

SignWiki hefur frá upphafi verið þróað sem opið kerfi. Lagt hefur verið mikið upp úr því að allir starfsmenn SHH gætu skráð inn tákni og kennsluefni, svo og notendur sjálfir í málsamfélaginu. Þannig er sneitt hjá því að kerfið lokist af í fámennum hópi þeirra sem hafa tiltekna tæknilega þekkingu. Allir eiga að geta lagt til efni á SignWiki. Frá upphafi var lögð mikil áhersla á þessa nálgun og kerfið og möguleikar þess kynnt reglulega fyrir starfsmönnum og öðrum haghöfum. Í þessu sambandi má nefna að allir starfsmenn Samskiptamiðstöðvar hafa sett inn tákni á SignWiki. Hér að neðan má sjá ummæli nokkurra starfsmanna SHH og notenda SignWiki þegar leitað var til þeirra um viðbrögð við SignWiki:

„SignWiki er að mínu mati tímamótaorðabók. Hún er einföld, aðgengileg, gagnvirk þar sem notendur geta bætt í hana og fyrsta sinnar tegundar á táknmálssviðinu.“

„SignWiki býður upp á fjölmarga möguleika. Hægt er að setja inn kennsluefni, nota það til rannsókna á málinu, safna orðaforða á einn stað, hvetja til þátttöku málsamfélagsins í umræðum um málið, notendur geta haft áhrif á tákni sem sett eru inn og gert athugasemdir ef farið er með rangt mál.“

„SignWiki er lifandi orðabók, þar sem allir geta verið þátttakendur, en það er mikilvægt í málsamfélagi sem er ekki með ritmál og þar sem þróun málsins er hröð.“

„Frábær leið fyrir alla til að læra eða bæta við sig þekkingu á táknmálinu.“

„Táknmálsorðabók hefði verið Guðs gjöf þegar ég var í HÍ að reyna að læra tákni. Að fara í gegnum tungumálanám án orðabókar er fáránleg hugmynd, en það var raunin fyrir daga Signwiki. Fyrir mér er þetta einfaldlega bylting.“

„SignWiki er afar nytsamlegt tæki til rannsókna á hljóðkerfisfræði ÍTM. Þar er hægt að skoða ólík handform tákna og myndunarstaði þeirra og greina í smærri einingar. Vefurinn er líka tilvalinn vettvangur til að gera rannsóknir á ÍTM sýnilegri og aðgengilegar tákniástandi fólki.“

„Signwiki er náttúrulega snilld. Það hefur nýst mér mjög vel þegar ég er að undirbúa mig fyrir kennslu og þarf að rifja upp stök tákni. Einnig finnst mér frábært að geta bent fólki á það þegar það talar um að það langi til að læra smá í tákni. Margir hafa komið að máli við mig og dásamað SignWiki.“

„Mér finnst það mjög gott og hjálpar okkur döff til dæmis við að læra íslensku. Þarna getum við lært málfræði þegar við sjáum t.d hvaða orðflokki táknið/orðið

tilheyrr. Við getum skoðað tákni sem við notum mjög sjaldan og höfum ef til vill gleymt. Þarna er íslenska tákniálið okkar varðveitt. Eins er það mikilvægt fyrir heyrandi fjölskyldur og vini okkar sem geta leitað að ákveðnu tákni til að geta haft samskipti við döff fólk. Þannig er þessi tákniabanki mikilvægur fyrir okkur öll. Ekki bara fyrir döff heldur líka nemendur í íslensku tákniáli, fjölskyldur og aðra heyrandi í íslensku samfélagi.“ Döff (heyrrarlaus og tákniáli) notandi